

# Sumar

Sólin  
Skýin  
Hafið  
Fjöllin  
Þögnin.  
Þessi stutti tími  
Þetta stutta augnablik  
Sem dregur mig til sín  
Þessi kyrrð  
Ekkert meira  
Ekkert minna  
Í stutta stund er ekkert til  
Bara þetta.  
Heit gola  
Flugvél  
Bílar arga  
Ég vakna.  
Augnablikið flýtur burt  
Raunveruleikinn er hér  
Og tekur við  
Horfið.